

Boðuð breyting stjórnvalda á jarðalögum jafngildir aðför að bændum og öðrum landeigendum

Landssamtök landeigenda á Íslandi ítreka það álit sitt að engin þörf sé á að endurskoða gildandi jarðalög með tilliti til ábúðaskyldu, hvað þá að hverfa til fortíðar og forræðishyggju í þeim efnum. Bújarðir muni þá jafnframt falla í verði.

Stjórn samtakanna fjallaði um málið á fundi sínum 16. mars 2011 í tilefni af yfirlýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á nýafstöðnu Búnaðarþingi. Hann sagði þar að nú á vorþingi yrði lagt fram frumvarp til breytinga á jarðalögum, samið af ráðherraskipuðum starfshópi (sem landeigendur áttu vel að merkja ekki fulltrúa í), „einkum til að formfesta skynsamlega landnýtingu með tilliti til fæðuöryggis þjóðarinnar,“ eins og það var orðað.

Af þessu tilefni ályktaði stjórn Landssamtaka landeigenda á Íslandi eftirfarandi:

Landssamtök landeigenda á Íslandi lýsa þungum áhyggjum vegna hugmynda sem starfshópur landbúnaðarráðherra hefur sett fram um breytingu á jarðalögum og varða ábúðarskyldu á jörðum.

Landssamtökin benda á að nóg er til af ræktanlegu landi á Íslandi gagnstætt því sem er í Danmörku og Noregi sem vinnuhópur landbúnaðarráðherra kys að nefna til samanburðar. Hér er því engin ástæða til að óttast um að fæðuöryggi sé stefnt í hættu vegna þess að skortur sé á landrými til landbúnaðar. Þá vilja landssamtökin minna á að stutt er síðan jarðalögin voru endurskoðuð og að ekki hefur með nokkrum hætti verið sýnt fram á nauðsyn til breytinga, hvað þá afturhvarf til fortíðar og forræðishyggju. Vonandi kemur aldrei sá tími aftur, þegar bændur vilja bregða búi, að þeir geti einungis selt eignarjörð sína fyrir sambærilegt verð og tveggja herbergja íbúð í Reykjavík kostar.

Verði ábúðarskylda á jörðum lögfest á Íslandi munu bújarðir vafalaust falla verði og því er lagabreyting í þá veru þannig bein aðför að bændum og öðrum jarðeigendum. Jafnframt er minnt á að margar jarðir eru nýttar m.a af eigendum nágrannajarða og gera þannig búskap á þeim jörðum mögulegan.

Ef markmiðið með lagabreytingunni er að auðvelda nýliðun í bændastétt er hvorki sanngjarnt eða eðlilegt að það sé gert á kostnað landeigenda einna heldur á kostnað samfélagsins alls.

Landssamtök landeigenda vara við því að eigendur bújarða verði settir á klafa áththagafjötra með því að rýra verðgildi jarða þeirra með vanhugsaðri lagasetningu.